Höfundur og flytjandi: Katrín S. Kristjana Hjartardóttir, stundakennari í alþjóðaviðskiptum hjá Viðskiptafræðideild HÍ.

Titill: Þegar heimurinn kemur inn í kennslustofuna: Að kenna alþjóðaviðskipti í breyttri heimsmynd

Í fimm ár hef ég verið stundakennari í alþjóðaviðskiptum við Háskóla Íslands. Alþjóðaviðskipti eru fag þar sem samfélagslegar, pólitískar og menningarlegar breytingar koma óhjákvæmilega inn í kennslustofuna. Þegar fjallað er um menningu, sjálfbærni, stjórnun, pólitísk kerfi og starfsemi fyrirtækja yfir landamæri vakna jafnframt spurningar um vald, stríð, mannréttindi, mismunun, ábyrgð og siðferði.

Í erindinu mun ég velta fyrir mér minni eigin reynslu af því að kenna alþjóðaviðskipti í síbreytilegum heimi og þeirri togstreitu sem getur skapast þegar raunveruleg og umdeild málefni verða hluti af kennslunni. Hvað gerir kennari þegar nemendur koma með spurningar sem eiga sér ekki einföld eða hlutlaus svör? Hvernig er hægt að skapa rými þar sem ólík sjónarmið fá að heyrast án þess að kennarinn verði sjálfur skoðanamótandi? Og hvað þýðir í raun að vera hlutlaus kennari þegar viðfangsefnið snertir grundvallarspurningar um réttindi, ábyrgð og mannlega reisn?

Ég mun sérstaklega horfa á hvernig þessi nálgun birtist í kennslustofunni: hvað ég geri, hvað ég segi og jafnframt hvað nemendur sjá og heyra. Markmiðið er ekki að komast að einni réttri niðurstöðu um hlutverk kennarans, heldur að varpa ljósi á þá spennu sem getur skapast milli þess að **kenna um heiminn eins og hann er og að reyna jafnframt að halda ákveðnu faglegu hlutleysi**.

Þetta er því ekki aðeins spurning um hvað við kennum, heldur **hvernig við kennum þegar heimurinn sjálfur verður hluti af kennsluefninu.**